



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. október 2023

2309030SA VRB
Málalykill: oo.63

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2024

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til fjárlaga 2024.

Í lögum um opinber fjármál er kveðið á um að frumvarp til fjárlaga skuli vera í samræmi við markmið fjármálaáætlunar. Í frumvarpi er leitað heimilda til útgjalda eftir málefnaviðum og málaflokkum. Í fjármálaáætlun sem byggja skal á fjármálastefnu skal setja markmið um afkomu og efnahag hins opinbera og í greinargerð skal setja fram stefnumótun um einstök málefnavið. Fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 var lögð fram 31. mars 2023 og samþykkt 9. júní s.á.

Þróunin hefur verið á þann veg að fátt kemur fram í frumvarpi til fjárlaga sem ekki er í fjármálaáætlun. Hvorutveggja fjalla á mjög almenna hátt um stefnu í opinberum fjármálum og markmið í einstökum málefnaviðum. Framsetning beggja er með þeim hætti að erfitt er að sjá hvernig markmiðum skal náð og hvaða fjárheimildir verða til staðar í því skyni. Stór hluti frumvarps til fjárlaga er endurtekning frá fjármálaáætlun, eða jafnvel að vísað sé til áætlunarinnar með almennum hætti án þess að lesandi sé nokkru nær um hverjar fjárheimildir til mikilvægra málefna verða. Full ástæða er til að endurskoða framsetningu áætlunar og frumvarps og raunar ýmis atriði í lögum um opinber fjármál.

Sambandið skilaði ítarlegri umsögn um fjármálaáætlun 2024-2028 25. apríl sl. og er umsögn þessi um frumvarp til fjárlaga byggt á fyrrnefndri umsögn.

Helstu áhersluatriði sambandsins eru sem hér segir:

- Full fjármögnun á málefnum fatlaðs fólks. Áætluðum halla 2023 verði mætt í fjáraukalögum.
- Auknu fjármagni verði varið í sóknaráætlun landshluta.
- Fiskeldissjóður verði lagður niður og tekjur af fiskeldisgjaldi renni óskipt til sveitarfélaga þar sem fiskeldi er stundað.
- Gistináttaskattur verði skilgreindur tekjustofn sveitarfélaga og tekjur af skattinum renni til sveitarfélaga.
- Gera þarf áætlun um fráveituframkvæmdir til næstu ára og áratuga með vandaðri kostnaðaráætlun og samkomulagi um fjármögnun.
- Endurskoða þarf framlög til hjúkrunarheimila.

- Kostnaður við úrgangsstjórnun sveitarfélaga er að fara úr böndum. Mikilvægt er að taka til endurskoðunar alla fjármögnun í málaflokknum.
- Samningur um móttöku flóttafólks rennur senn út. Hækka þarf sérstaklega framlög vegna grunnskólabarna flóttafólks.
- Bregðast þarf skjótt við kröfum orkusveitarfélaga um hlutdeild sveitarfélaga í skattlagningu orkumannvirkja.

Málefnavið 5 (Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla)

Tekjutilflutningur

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 er vikið að breytingum til að koma í veg fyrir skattasniðgöngu með tekjutilflutningi milli launa og arðs í einkahlutafélögum, en um þetta er fjallað m.a. í stjórnarsáttamála. Hér er er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélög, enda verða þau af miklum tekjum þegar verðmæti eru tekin úr félögum í formi arðs í stað launa. Sambandið fagnar þessum áformum, en vekur athygli á að það hefur enga aðkomu haft af málinu. Í fjárlagafrumvarpi er ekki minnst á þetta.

Innheimtuþóknun

Sveitarfélögin hafa lengi barist fyrir því að innheimtukostnaður vegna útsvars í staðgreiðslu verði tekinn til endurskoðunar. Það var því fagnaðarefni að í samkomulagi ríkisins og sambandsins frá 30. september 2020 var samþykkt að teknar yrðu upp viðræður um kostnað og umsýslu ríkisins við innheimtu útsvars í staðgreiðslu. Í samkomulaginu er sérstaklega vísað til nefndarálits efnahags- og viðskiptanefndar frá 6. desember 2019, en þar segir með skýrum hætti „Eðlilegt er að þóknun ríkisins endurspeglar kostnað vegna þjónustunnar. Þá telur nefndin sanngjarnt að sveitarfélögin njóti þess almenna hagræðis sem náðst hefur í skattheimtu á undanförnum árum.“ Því miður hefur lítið gerst í þessu máli. Í fjármálaáætlun kom fram áhersla á aukið hagræði í skattinnheimtu og gert ráð fyrir að innheimtuhlutfall vanskila á tekjuskatti og útsvari aukist verulega á næstu árum. Sjálfsagt er að sveitarfélögin njóti þess hagræðis við endurskoðun innheimtuhlutfallsins.

Lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts

Rekstrarumhverfi sveitarfélaga nú um stundir mótað af hárri verðbólgu og háum vöxtum. Við þessi skilyrði munu nauðsynlegar framkvæmdir sitja á hakanum. Lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað mun sannarlega leggjast á sömu sveif. Tilefni er til að vekja athygli á því að í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 er gerð krafa um að virðisaukaskattur verði afnumin af allri starfsemi sveitarfélaga og þá sérstaklega af skilgreindum innviðaframkvæmdum þeirra.

Málefnavið 8 (Sveitarfélög og byggðamál)

Sóknaráætlun landshluta

Sambandið leggur áherslu á að verkefni byggðaáætlunar verði að fullu fjármögnuð og mikilvægt er að aðrar stefnur sem settar eru taki mið af byggðaáætlun. Jafnframt leggur sambandið mikla áherslu á að áfram verði tryggðir fjármunir til sóknaráætlana landshlutanna og að fleiri ráðuneyti komi að fjármögnun þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu er áformað að fella niður tímabundna hækjun á framlögum til sóknaráætlana og framlög lækka því um 120 m.kr. Með sama hætti falla niður viðbótarframlög til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og til uppbyggingar atvinnulífs á Seyðisfirði. Sambandið kallar eftir því að hætt verði við þessi áform.

Málefnavið 11 (Samgöngu- og fjarskiptamál)

Almenningssamgöngur

Eins og kemur fram í stefnumörkun sambandsins 2022-2026 þarf að auka fjárhagslega aðkomu ríkisins að almenningssamgöngum. Leggja þarf ríka áherslu á aðgerðir til að bæta þjónustu um allt land á hagkvæman hátt í heildstæðu kerfi almenningssamganga á lofti, landi og sjó. Leiðarljós verði að íbúar hafi raunverulegt val um samgöngumáta sem ræðst ekki síst af jafnræði í verði.

Málefnavið 13 (Sjávarútvegur og fiskeldi)

Fiskeldi

Boðuð er hækjun á fiskeldisgjaldi úr 3,5% í 5% af tonni slátruðum eldisfiski. Lögum samkvæmt rennur 1/3 af gjaldinu í Fiskeldissjóð og afgangur í ríkissjóð. Áréttuð skal stefna sambandsins að fiskeldissjóður verði lagður niður og tekjur af skattheimtu af fiskeldi renni til sveitarfélaga.

Málefnavið 14 (Ferðaþjónusta)

Gistináttaskattur

Í stjórnarsáttmálum síðustu tveggja ríkisstjórna hafa komið fram áform um að gistenáttaskattur/gjald verði færður til sveitarfélaga. Efndir hafa engar verið og stöðugur flótti verið frá þessum loforðum í fjármálaáætlunum og fjárlagafrumvörpum undanfarinna ára. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir: „Unnið verður að breytingum á fyrirkomulagi gistenátttagjalds í samvinnu við greinina og sveitarfélögin með það að markmiði að sveitarfélögin njóti góðs af gjaltdökunni.“

Meðal Covid aðgerða ríkisstjórnarinnar var að fella tímabundið niður þennan skatt, sem leggst á ferðamenn. Í fjárlagafrumvarpi 2024 er endurkoma skattsins boðuð strax á næsta ári. Ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélögin og þá vaknar spurningin hvernig ríkisstjórnin hyggst efna loforð um að sveitarfélögin njóti góðs

af gjaldtökunni. Nú ber svo við að óskýrt er í frumvarpinu hvaða tekjum er ætlað að afla með skattheimtunni. Á einum stað stendur 2,7 ma.kr. á öðrum 4,2 ma.kr.

Málefnavið 15 (Orkumál)

Nærsamfélag orkumannvirkja

Orkumál eru í brennidepli. Orkuskipti kalla á aukna orkuvinnslu. Samtök orkusveitarfélaga hafa dregið fram með skýrum hætti að sveitarfélög þar sem orkuvinnsla fer fram fá litlar tekjur af starfseminni en fórna miklu til. Málið er komið á borð nefndar og miklu skiptir að hún skili niðurstöðu sem allra fyrst og að skynsamlegar ákvarðanir verði teknar skjótt í framhaldinu. Sambandið hefur tekið undir málflutning Samtaka orkusveitarfélaga og samþykkti stjórn sambandsins svohljóðandi bókun á fundi sínum 29. september sl.:

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 er áhersla lögð á mikilvægi sjálfstæðra tekjustofna sveitarfélaga og að þeir verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegrí sjálfbærni þeirra. Tekjustofnarnir skulu vera fjölbreyttir og standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir, hvort sem hún er lögskyld eða lögheimil. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns. Í stefnumörkuninni er jafnframt tekið fram að sambandið skuli styðja við Samtök orkusveitarfélaga eins og kostur er og vinna með þeim að sameiginlegum markmiðum.

Ljóst er að málflutningur Samtaka orkusveitarfélaga styður við þessi markmið sambandsins. Þá er einnig ljóst að þær tillögur sem kynntar hafa verið fyrir stjórn sambandsins ná til mun fleiri sveitarfélaga en þeirra sem eru aðilar að þeim samtökum Samtökum orkusveitarfélaga. Meðal annars af þeim sökum telur sambandið rétt að styðja vel við þá vinnu sem er framundan sem sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á opinberum vettvangi.

Mikilvægt er að ríkisvaldið bregðist við þessu ákalli sem allra fyrst og sýni í verki vilja til að auka og breikka tekjur allra sveitarfélaga á sanngjarnan hátt til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra. Stjórn felur framkvæmdastíðra að fylgja málinu eftir og styðja Samtök orkusveitarfélaga í þeirra baráttu.

Málefnavið 17 (Umhverfismál)

Fráveituframkvæmdir

Gildandi reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 styðst m.a. við kvaðir sem eru í fráveitutilskipun ESB. Íslensk sveitarfélög hafa ekki náð að uppfylla kvaðir í reglugerðinni sökum fjárvöntunar. Athugun verkfræðistofunnar Eflu frá 2022 sýnir að það myndi kosta sveitarfélög 17-28 ma. króna að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar. Efla lagði enn fremur mat á kostnað við að koma upp eins þreps hreinsun í níu þéttbýliskjörnum en reglugerðin mælir fyrir um að slíka hreinsun

þurfi. Niðurstaða Eflu er að kostnaðurinn við það gæti verið 10-12 ma.kr. Fyrir liggur að á vettvangi ESB er vinna langt komin við endurskoðun fráveitutilskipunarinnar, en 30 ár er frá því hún tók gildi. Ný reglugerð mun herða verulega á margvíslegum skilyrðum um hreinsun. Þessi reglugerð mun að líkindum verða innleidd í íslenskan rétt.

Þrátt fyrir þær miklu áskoranir sem framundan eru í fráveitumálum er boðuð lækkun á fjárhheimildum í fjárlagafrumvarpinu. Tímabundið framlag til að styrkja fráveitumál sveitarfélaga lækkar um 200 m.kr., úr 579 m.kr. í 379 m.kr. Þess má geta að samkvæmt núgilandi reglugerð um úthlutun styrkja til fráveitna sveitarfélaga er gert ráð að styrkfjárhæð sé að jafnaði 20% af staðfestum heildarkostnaði en getur hæst orðið 30%. Eins og áður sagði er um mjög kostnaðarsamar aðgerðir að ræða og því vandséð hvernig sveitarfélög eiga að geta fjármagnað þær á meðan styrkhlfutfall er ekki hærra. Við svo búið má ekki sitja og krafa gerð um að gerð verði áætlun um fráveituframkvæmdir til næstu ára og áratuga með vandaðri kostnaðaráætlun og samkomulagi um fjármögnun.

Urðunarskattur

Í fjármálaáætlun 2024-2028 var boðaður urðunarskattur og að frumvarp um það yrði lagt fyrir Alþingi í lok árs 2023. Í umsögn sambandsins um fjármálaáætlun 2024-2028 var brugðist við þessum áformum:

Sambandið leggst þó ekki alfarið gegn álagningu urðunarskatts enda verði tryggilega gengið frá því að tekjur af honum renni að fullu til innleiðingar hringrásarhagkerfisins. Miklu skiptir að byggðir verði nýir innviðir til meðhöndlunar úrgangs sem hafi í för með sér að aðrir farvegir en urðun eða útflutningur verði raunhæfur kostur fyrir úrgangshafa.

Bregður nú svo við að í fjárlagafrumvarpi er ekkert sagt um þennan skatt. Hvar standa þessi áform, sem raunar voru boðuð í fjármálaáætlun 2020-2024?

Meðhöndlun úrgangs

Með lögum nr. 103/2021 sem kennd eru við hringrásarhagkerfið voru gerðar töluverðar breytingar á úrgangsstjórnun sveitarfélaga og kröfur mjög hertar. Í þeim fólst m.a. krafa um að sérstök söfnun yrði á ákveðnum úrgangsflokkum, ýmist við heimili eða á grenndar- og/eða söfnunarstöðvum. Auk þess er til staðar krafa um að það sem safnast sé sent til endurnotkunar eða endurvinnslu nema við sérstakar aðstæður. Þá eru verulega auknar kröfur á innheimtu sveitarfélaga og að þau beri ábyrgð á endurvinnsluhlfutfalli og annarri úrgangstölfræði.

Lögin gera ráð fyrir að svokallað úrvinnslugjald eigi að koma til móts við kostnaðarþátttöku sveitarfélaga vegna nýrra krafna en í skýringum með lögunum segir m.a.:

Í frumvarpinu er lagt til að úrvinnslugjald muni dekka kostnað við bæði sorphirðu og meðhöndlun nokkurra úrgangstegunda sem mun lækka framangreinda kostnaðaraukningu sveitarfélaga verulega. Þannig má gera ráð fyrir að einungis kostnaðaraukning vegna lífúrgangs falli á sveitarfélög og þau njóti alls ávinnings af minni hirðutíðni fyrir blandaðan úrgang og því næmi kostnaðaraukningin aðeins um 215 millj. kr.

Öll sveitarfélög hafa verið að innleiða þessar nýju lagakröfur með einum eða öðrum hætti. Við sveitarfélögum blasir nú að gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphaðugjöld), þurfi að hækka verulega vegna breytrra krafna og aukins umfangs þjónustunnar sem veita þarf. Nokkur sveitarfélög hafa gengið til útboðsferlis á grundvelli nýju laganna og reynsla allra sveitarfélaga er að gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs aukast og jafnvel tvöfaldast í sumum sveitarfélögum. Virðist sem svo að greiðslur Úrvinnslusjóðs fari fjarri því að koma til móts við þann kostnað sem orðið hefur af breyttum kröfum til meðhöndlunar úrgangs. Sveitarfélögum ber að velta þeim kostnaði beint yfir í sorphaðugjöld íbúa enda gera lög ráð fyrir að sorphaðugjöld standi undir öllum kostnaði við förgun úrgangs. Það getur hins vegar reynst erfitt að hækka þjónustugjöld eins og staðan er í efnahags- og kjaramálum.

Til þess að koma til móts við þá þróun sem hafin er, er nauðsynlegt að taka til heildarendurskoðunar starfsemi Úrvinnslusjóðs og þann tekjugrunn sem er að baki kerfi úrvinnslugjalda á Íslandi. Því kallar sambandið eftir stuðningi Alþingis við endurskoðun á þessu kerfi.

Málefnasvið 22 (Önnur skólastig)

Málefni leik- og grunnskóla

Lögð hafa verið fram metnaðarfull áform í skólamálum. Boðuð hefur verið heildarendurskoðun á skólapjónustu og stuðningi á vettvangi við börn og einstaklinga sem vinna með börnum. Þá er í bígerð að setja á laggirnar nýja ráðgjafar- og stuðningsstofnun um menntamál. Unnið er að stefnumótun um námsgögn í mennta- og barnamálaráðuneyti en sá málaflokkur hefur sannarlega verið vanfjármagnaður undanfarin ár. Ljóst er að á þessu sviði þarf að bæta verulega í ef áform stjórnlvalda eiga að ganga eftir. Bæði er um að ræða almenna stafræna útgáfu og útgáfu náms- og stuðningsefnis fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál. Í ljósri alls þessa eru það vonbrigði að lækka eigi útgjaldaramma málefnasviðs 22 (leik- og grunnskóli) frá fjárlögum 2023 um 439 m.kr. á næsta ári og allt til ársins 2028.

Málefnasvið 25 (Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta)

Framlög til hjúkrunarheimila

Rammasamningur var gerður milli Sjúkratrygginga Íslands, sambandsins og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila í mars 2022 og gildir samningurinn til loka marsmánaðar 2025. Í samningunum við einstök hjúkrunarheimili er kveðið á um einingaverð og skýrt sett fram að það eigi að taka breytingum í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga, 80% laun og 20% verðlag.

Í samþykktum fjárlögum 2023 kemur fram að framlög til hjúkrunarheimila nema 42,5 ma. kr. en í fjárlagafrumvarpi næsta árs 2024 eru 45,4 ma. kr. eyrnamerkir hjúkrunarheimilum. Í fljótu bragði virðist hér um hækkun að ræða. Taka þarf tillit til þess að á árinu 2023 urðu talsverðar hækkanir á launalið vegna kjarasamninga, eða um 9,5% frá apríl sl. Launaliðurinn hækkaði um 2,2 ma.kr. sem hjúkrunarheimilin fengu greiddar úr ríkissjóði. Fjárlagaliður vegna 2023 er því í raun fyrrnefndar 42,5 ma. kr. að viðbættum 2,2 ma. kr. vegna launahækkana. Líklegt má telja að greiðslur ríkissjóðs vegna launahækkana hafi komið úr varasjóði og því kemur sú upphæð ekki fram á fjárlagaliðnum nú. Fjárlagaliður vegna ársins 2023 hefði því með réttu átt að vera 44,7 í stað 42,5 ma. kr.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2024 bætast við 2,2 ma. kr. í málaflokkinn vegna nýrra hjúkrunarrýma. Verðbólguforsenda fjárlaga er 4,9% og um fjórðungur rekstrar hjúkrunarheimila breytist með verðbólgu. Miðað við þetta ættu framlög á næsta ári til hjúkrunarheimila að nema 46,7 ma.kr. en er í raun bara 45,4 ma.kr. Hér vantar því a.m.k. milljarð. Mögulega er það vegna þess sem áður segir að ekki er hér tekið tillit til launahækkana sem greiddar voru út á árinu í gegnum varasjóð og vantar þá í fjárlagaliðinn.

Mikil bragarbót var gerð á réttindum íbúa hjúkrunarheimila í kjölfar þess að sjúkratryggð réttindi þeirra til hjálpartækja héldust við flutning á hjúkrunarheimili. Sú breyting hafði einnig jákvæð áhrif á rekstur hjúkrunarheimila. Rétt væri að halda áfram á sömu braut og tryggja sjúkratryggð réttindi íbúa vegna lyfjakaupa í stað þess að hjúkrunarheimili sem milliliður leggi út fyrir lyfjakostnaði sem oft fæst ekki að fullu bættur.

Sambandið er þátttakandi í samstarfi um heildarendurskoðun á málefnum aldraðra sem kallast Gott að eldast. Mikilvægt er að þau verkefni sem þar hefur verið sammælst um séu að fullu fjármögnuð.

Málefnasvið 27 (Örorka og málefni fatlaðs fólks)

Málefni fatlaðs fólks

Sveitarfélögini tóku yfir málefni fatlaðs fólks árið 2011 og fylgdu verkefninu fjármagn í formi útsvarhækkunar sem að stærstum hluta fór til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Árið 2021 námu þessar tekjur 26 ma.kr. Ítarleg og vönduð greining nefndar undir

formennsku Haraldar Líndal Haraldssonar sýnir að útgjöld sveitarfélaga á sama ári til þjónustu við fatlað fólk nam 40,2 ma.kr. og hallinn á málaflokknum því 14,2 ma.kr. sem svarar næstum upp á krónu til rekstrarhalla sveitarfélag á því ári. Meðal skýringa má nefna að með lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir komu auknar kröfur um þjónustu, en þær voru ekki kostnaðarmetnar og ekkert fjármagn fylgdi þeim. En ekki síður hefur fötluðu fólki með langvarandi stuðningsþarfir fjölgað mun meira en áætlað var.

Uppsafernaður halli frá 2018 til 2021 nemur 31,8 ma.kr. á verðlagi hvers árs, en tæpir 40 ma.kr. á föstu verði 2023. Til að koma til móts við þennan halla var útsvarsprósenta hækkuð um 0,22 prósentustig, u.p.b. 5 ma.kr., frá ársbyrjun 2023. Lauslegur framrekningur að tilliti teknu til útsvarshækkunar sýnir að hallinn frá 2018 til 2023 gæti verið um eða yfir 70 ma.kr. á verðlagi 2023 verði ekkert að gert.

Í lögunum frá 2018 er í 9. gr. fjallað sérstaklega um búsetu. Segir þar „Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir.....“ Í ákvæði til bráðabirgða er hnykkt á þessu; „Fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum...“ Alllangur biðlisti er eftir þessum búsetuúræðum, en til muna dýrara er að þjónusta fatlað fólk í sértæku húsnæði en í herbergjasambýlum. Áætlað er að bygging og rekstur þjónustu í sértæku húsnæði muni kosta á næstu árum allt að 10 ma.kr. Ekkert samkomulag er um þessa fjármögnun og að óbreyttu mun kostnaðurinn lenda á sveitarfélögum. Mikilvægt er til framtíðar að veita fötluðu fólki góða þjónustu en jafnframt að koma í veg fyrir að kostnaður fari úr böndunum eins og raunin hefur verið undanfarin ár.

Fyrrgreind nefnd sem Haraldur Líndal Haraldsson veitir forstu og ætlað að gera tillögu um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk mun væntanlega skila af sér innan skamms.

Á fundi stjórnar sambandsins 29. september sl. var svohljóðandi bókun samþykkt.

Mikilvægt er að leiða til lykta samninga milli ríkis og sveitarfélaga um málezni fatlaðs fólks. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ítrekar kröfu um að málaflokkurinn verði að fullu fjármagnaður, en hallinn á árinu 2021 nemur rúumum 14 ma.kr. Við blasir að hallinn hefur vaxið á undanförnum tveimur árum. Það er krafa sveitarfélaga að í fjáraukalögum 2023 verði lagt til fjármagn í málaflokkinn sem nemur framreknuðum halla sveitarfélaganna árið 2021 að frádregnum þeim tekjum sem 0,22% útsvarshækkun hefur skilað inn í málaflokkinn á árinu. Framundan er stór áskorun um sértæk búsetuúrræði fyrir fatlað fólk með auknar stuðningsþarfir sem gæti kostað allt að 10 ma.kr. Nauðsynlegt er að þegar í stað verði gerð áætlun um þessa uppbyggingu og traust mat á kostnaði. Tryggð verði stigvaxandi ný samfjármögnun ríkis og sveitarfélaga til að standa undir þeim lagaskyldum.

Málefnasvið 29 (Fjölskyldumál)

Móttaka flóttafólks

Samningur um móttöku flóttafólks milli sambandsins og félags- og vinnumarkaðsmálaráðuneytis fellur úr gildi við komandi áramót. Við blasir að kostnaður sveitarfélaga hefur verið langt umfram tekjur skv. samningum. Brýnt er að endurskoða samninginn með tilliti til raunkostnaðar sveitarfélaga og framlengja til nokkurra ára.

Einnig er mikilvægt að fleiri ráðuneyti komi að samningum. Móttaka flóttafólks reynir á margvíslega samfélagslega innviði, svo sem skóla- og frístundastarf flóttabarna, almenningssamgöngur í þeim sveitarfélögum sem eru með engar eða mjög stopular samgöngur, heilbrigðisþjónustu og löggæslu. Taka verður tillit til þessa kostnaðar sveitarfélaga við endurskoðun samninga um móttöku flóttafólks. Það kallar á aðkomu fleiri ráðuneyta.

Lög um útlendinga nr. 80/2016 kveða á um að útlendingur missi rétt á þjónustu þegar 30 dagar eru liðnir frá endanlegri ákvörðun um synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd. Á þetta ákvæði laganna hefur nýverið reynt og útlendingum í fyr nefndri stöðu verið vísað úr þjónustu ríkisins. Ráðherrar hafa haldið því fram að þessir einstaklingar geti sótt um aðstoð sveitarfélaga og er þar vísað til 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sambandið hefur hins vegar alfarið hafnað þeirri túlkun. Staðan er nú sú að félags- og vinnumarkaðsráðherra sendi tilmæli til sveitarfélaga og gerði breytingar á reglugerð um félagsþjónustu sveitarfélaga í algjörri andstöðu við vilja sveitarfélaga. Stjórn sambandsins fjallaði um þetta deilumál á fundi sínum 29. september sl. var eftirfarandi bókun samþykkt.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með einhliða aðgerð félags- og vinnumarkaðsráðherra enda er hún tekin með fullri vitnesku ráðherra um algjöra andstöðu sveitarfélaganna við þessa ráðstöfun.

Börn á grunnskólaaldri á flóttu

Tryggja þarf aukna fjármuni vegna barna á flótta á grunnskólaaldri. Í samningum ríkis og sveitarfélaga er greitt með hverju barni sem telst umsækjandi um vernd skv. viðmiðunargjaldskrá sambandsins vegna grunnskólanáms sem getur numið 200-300.000 kr. á mánuði á barn í meðalstórum grunnskóla. Þegar barn fær stöðu og lögheimili í sveitarféluginu lækkar stuðningur stjórnvalda niður í 200.000 kr. á ári. Hér skýtur skökku við og eðlilega gerð krafa um leiðréttingu. Reynsla sveitarfélaga er að kostnaður vegna skólagöngu barna flóttafólks sé langtum hærri en þessar fjárhæðir. Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbær telja t.a.m. að kostnaðurinn nemí um 1.700.000 kr. á ári á hvert barn flóttafólks.

Málefni barna með fjölpættan vanda.

Málefni barna í fjölpættum vanda er meðal „grárra svæða“ í opinberri þjónustu. Sveitarfélögin bera mikinn kostnað af þjónustu við þessi börn, 6 ma.kr. en vafí leikur á því hvort þeim sé skyldt að veita umrædda þjónustu.

Fyrir liggur tillaga að breyttu fyrirkomulagi þjónustu við börn með fjölpættan vanda sem felur í sér breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Miklu skiptir að samkomulag náist um þessar breytingar. Ekki er að sjá að neinum fjármunum sé ætlað til að undirbúa þær viðamiklu breytingar sem í tillögunum felast.

Málefnavið 31 (Húsnæðis- og skipulagsmál)

Stofnframlög

Í umsögn sambandsins um fjármálaætlun 2024-2028 var sérstaklega vakin athygli á samningum ríkis og sveitarfélaga húsnæðismál og því að samningurinn væri verulega vanfjármagnaður. Fagna ber því að í fjárlagafrumvarpinu er boðuð hækkun á stofnframlögum. Gert er ráð fyrir að stofnframlop til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins aukist um 5,7 ma.kr. og verði 7,4 ma.kr. á árinu 2024. Áformað er að tvöfalda fjölda byggðra íbúða með stuðningi ríkisins úr 500 í 1.000 íbúðir á hvoru ári.

Að lokum

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga vænta þess að fá tækifæri til að hitta fjárlaganefnd og gera nefndinni nánari grein fyrir áherslum sínum.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs